

# Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Þróunarverkefni Byrjendalæsi  
Brekkubæjarskóli-Grundaskóli  
2009-2010

Júní 2010  
Svala Hreinsdóttir verkefnisstjóri Fjölskyldustofu Akraneskaupstaðar

**Nafn skóla:** Grundaskóli, Espigrund 1, 300 Akranes

**Nafn verkefnisins:** Þróunarverkefni í Byrjendalæsi

**Nafn verkefnisstjóra:** Svala Hreinsdóttir verkefnisstjóri Fjölskyldustofu

***Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:***

Markmið þróunarverkefnisins í Byrjendalæsi er að þróa vinnubrögð í lestarkennslu í 1. og 2. bekk með það fyrir augum að auka lestrarfærni nemenda.

***Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði***

Grunnskólarnir á Akranesi hafa verið í samvinnu við Skólaþróunarsvið kennaradeildar Háskólans á Akureyri undanfarin þrjú ár um innleiðingu nýrra starfsháttar í lestrarkennslu á yngsta stigi grunnskóla. Að taka upp nýja kennsluaðferð tekur tíma og nauðsynlegt að kennrarar fái stuðning og svigrúm í því ferli. Skólaþróunarsvið HA hefur sett fram þróunarlíkan og framkvæmdaráætlun sem lýsir stuðningi og endurmenntun kennrarar í þessu innleiðingarferli og hafa grunnskólarnir á Akranesi stutt sig við þá áætlun. Stjórnun verkefnisins er í höndum verkefnisstjóra Fjölskyldustofu auk leiðtogana, Ástu Egilsdóttur Grundaskóla og Guðrúnar Guðbjarnadóttur Brekkubæjarskóla, sem eru starfandi á vettvangi grunnskólanna. Skipulag verkefnisins var með þessum hætti:

- Grunnnámskeið haldið í ágúst 2009 fyrir nýja kennara og stuðningsfulltrúa í 1. og 2. bekk en krafra er gerð um það að nýir kennrarar sitji slíkt námskeið. Ábyrgð: Verkefnisstjóri Fjölskyldustofu hélt utanum þátttakendur í samvinnu við skólastjórnendur og leiðtoga í skólunum og skipulag námskeiðsins í samvinnu við Skólaþróunarsvið HA
- Framhaldsnámskeið var haldið í ágúst fyrir kennara og stuðningsaðila sem voru að fara á annað ár í kennslu með kennsluaðferðina Byrjendalæsi. Einnig var kennurum og stuðningsaðilum í 3. bekk boðið að sitja námskeiðið. Ábyrgð: Verkefnisstjóri Fjölskyldustofu hélt utanum þátttakendur í samvinnu við skólastjórnendur og leiðtoga í skólunum og skipulag námskeiðsins í samvinnu við leiðtoga skólanna
- Leiðtogaþjálfun fyrir starfandi leiðtoga í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Ábyrgð: Verkefnisstjóri Fjölskyldustofu hélt utanum leiðtoga í samvinnu við skólastjórnendur og skipulag námskeiðsins í samvinnu við Skólaþróunarsvið HA

Hlutverk leiðtoga á vettvangi grunnskólanna:

- Vera forystumaður um Byrjendalæsi og veita kennurum ráðgjöf eftir þörfum
- Hafa umsjón með að skólanir leggi fyrir samræmd lestrarpróf þrisvar á vetri og annist útreikning til samanburðar og sendi ónafngreindar niðurstöður til Háskólans á Akureyri. Fyrstu tvö prófin voru Læsi Skimunarpróf í 1. og 2. bekk. Þriðja fyrirlögnin var í 2. bekk –Byrjendalæsi, læsismat í 2. bekk
- Veita kennurum ráðgjöf
- Stunda vettvangsathuganir hjá kennurum sem tóku þátt í verkefninu og fylgja heimsóknunum eftir með samtali við viðkomandi kennara. Fjöldi heimsókna voru átta fyrir nýja kennara og sex fyrir kennara á öðru ári í verkefninu
- Vera vakandi fyrir því að skilyrði séu styðjandi í skólanum fyrir kennara sem vinna í þróunarverkefninu Byrjendalæsi
- Skipuleggja smiðjur með kennurum í þróunarverkefninu Byrjendalæsi. Smiðjur voru fimm yfir veturinn. Ýmist voru smiðjurnar haldnar sameiginlega með 1. og 2. eða í sitt hvoru lagi. Kennurum í 3. bekk var boðið að sitja smiðjurnar. Matsfundur var haldinn í maí 2010 þar sem farið var yfir starf vetrarins og skipulagi næsta vetrar sett fram
- Taka saman yfirlit yfir starf þróunarverkefnisins Byrjendalæsi fyrir hvert skólaár
- Upplýsa skólastjórnendur um gang mála í þróunarverkefninu Byrjendalæsi

#### ***Frávik miðað við áætlun verkefnisins***

Áætlun þróunarverkefnisins Byrjendalæsi stóðst eins og gert var ráð fyrir í umsókn til Sprotasjóðs. Fella þurfti þó niður tvær smiðjur vegna óviðráðanlegra orsaka.

*Helsta hindrunin sem kom upp við vinnu verkefnisins* var tímaskortu kennara. Mikill tími fer í undirbúning en aðferðin útheimtir að kennslugögn séu í flestum tilvikum búin til frá grunni og kennsluáætlun sé gerð fyrir hvert verkefni. Kennrarar eru þó sammála um að þessi tímafreki undirbúnungur skilar sér margfalt til baka þar sem þeir verða öruggari í kennslu með kennslugögn og áætlanir tilbúnar fyrirfram.

#### ***Helstu ávinningar við vinnu verkefnisins***

Helsti ávinningurinn við verkefnið er að kennrarar fá viðurkennda kennsluaðferð í lestrarkennslu í hendurnar og stuðning við að beita þeirri aðferð á fyrstu árum sínum í kennslu

þeirrar aðferðar. Aðferðin gerir kennurum einnig kleift að kenna börnum sem hafa ólíka færni hlið við hlið um leið og áhersla er lögð á hópavinnu og einstaklingabörfum er mætt. Byrjendalæsi hefur verið samþætt við aðrar greinar og jókst sú samþætting verulega í hjá kennurum sem voru á sínu öðru ári í þróunarverkefninu. „Já, nánast allar þær áætlanir sem ég og samkennari minn höfum unnið í veturnar eru samþættar við aðrar greinar...“ // „Já þvert á allar greinar. Þar sem íþróttir, stærðfræði, íslenska, listgreinar voru samþættar í einni áætlun“.

Það hefur verið ávinningur fyrir verkefnið að það er unnið með mikilli samvinnu milli bekkja, áganga og grunnskólana á Akranesi. Smiðjur hafa verið sameiginlegar og hefur það veitt verkefninu meira vægi og ýtt undir aukna samvinnu milli skólanna. Upplifun kennara sem voru að ljúka öðru ári í þessu þróunarverkefni er góð og þeir eru bjartsýnir á að Byrjendalæsi sé komið til að vera. „Öflugt starf í Byrjendalæsi í mínum skóla. Engar áhyggjur gott starf.“ // „...mjög gagnleg og skemmtileg vinna fyrir nemendur og kennara...“ Við erum strax farin að hugleiða vinnu með Byrjendalæsi næsta haust og þá er hugmynd um að vinna með gömul ævintýri. Taka inn söng og leikræna tjáningu samhlið læsi/lestri“.

### ***Mat á verkefninu samkvæmt umsókn***

Akraneskaupstaður ákvað fyrir þremur árum að endurskoða lestrarkennslu í grunnskólum bæjarins og hóf formlegt samstarf við Skólapróunarsvið HA. Mikill tími og kostnaður í þjálfun og menntun kennara hefur verið lagður í verkefnið og er aðferðin að ná nokkurri festu með skipulagðri vinnu og áhuga kennara. Í undirbúningi og ferli er lestrarstefna grunnskólanna á Akranesi. Byrjendalæsi er einn hlekkurinn í þeirri stefnu en framundan er áframhaldandi samstarf við Skólapróunarsvið HA auk þess sem áhersla verður einnig á miðstigið með verkefninu *Orð af orði*.

Þannig mun lestrarkennsluaðferðin Byrjendalæsi vera hlekkur í lestrarstefnu skólanna og hafa áhrif á skólastarfið í heild.

Í samræmi við umsókn í Sprotasjóð var lagður spurningalisti fyrir þátttökukennara í verkefninu og sýnir hann að kennarar eru yfir heildina mjög ánægðir með kennsluaðferðina og þann stuðning í skólanum sem þeir fá við að tileinka sér aðferðina.

### ***Niðurstöður verkefnisins***

Verkefnið heldur áfram innan skólans. Áætlað er að fylgja því þróunarlíkani og framkvæmdaráætlun sem stuðst hefur verið við frá Skólapróunarsvið HA næstu árin. Leiðtogar á vettvangi grunnskólanna gegna þar lykilhlutverki.

Kennarar á fyrsta ári í kennslu með aðferðina gengur ágætlega að nýta Byrjendalæsi í kennslu og eru nokkuð öruggir með að vinna með öll þrep aðferðarinnar. Kennarar á öðru ári í kennslu aðferðarinnar eru allir sammála því að þeir hafi náð góðum eða nokkuð góðum tökkum á aðferðinni og eru öruggir með að vinn með öll þrep hennar.

Staða nemenda sem taka þátt í Byrjendalæsi er könnuð með prófunum Læsi skipumarpróf fyrir 2. bekk og læsi skimunarpróf fyrir 1. bekk auk prófsins Byrjendalæsi III skimunarpróf. Skólaþróunarþróunarsvið Háskólans á Akureyri tekur niðurstöðurnar saman og ber hvern þátttökuskóla saman við alla skóla sem kenna eftir Byrjendalæsi. Nemendur í grunnskólunum á Akranesi hafa almennt staðið sig vel í þessum skimunarprófum sem bendir til að kennslan skilar árangri.

Leiðtогар miðla reglulega upplýsingum og niðurstöðum Læsis prófa til skólastjórnenda. Þann 10. september nk. mun Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri halda Ráðstefnu um Byrjendalæsi fyrir kennara og stjórnendur sem eru þátttakendur eða hafa tekið þátt í þróunarstarfinu Byrjendalæsi. Þessi námstefnan er haldin í tengslum við ráðstefnuna Læsi – lykill að andans auði sem verður haldin 11. september. Kennarar á Akranesi munu taka þátt í hvorutveggja auk þátttöku í málstofu á Ráðstefnunni „Samþætting læsis við aðrar námsgreinar“ og „námsmat í Byrjendalæsi, marklistar og gátlistar“.